

Nr. 19-026 S 019 Sólberg ÓF 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2917
IMO: 9774642
Smíðaður: Tyrkland, 2017, stál.
Útgerð: Rammi hf.
Stærð: 3719,5 bt.
Mesta lengd: 79,85 m *Skráð lengd:* 70,92 m
Breidd: 15,41 m *Dýpt:* 9,10 m
Vél: Wartsila, 4640 kW 2016
Fjöldi skipverja: 35



Sólberg © Brimbarinn

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. nóvember 2018 var frystitogarinn Sólberg ÓF 1 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: Hægviðri og sléttur sjór.

Skipverjinn var að ganga í gegnum hurðarop niðri í vélarúmi þegar hann rak fótinn í þröskuldinn með þeim afleiðingum að hann féll fram fyrir sig og bar fyrir sig hægri hendina. Þremur dögum síðar var farið inn á Ísafjörð og honum komið undir læknishendur og reyndist hann úlnliðsbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var við vinnu á togþilfari og sendur niður í vél til að ná í bolta þegar hann rak tána í þröskuld í hurðaropi inn í vélarúmið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.